

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á fódurgjaldi til loðdýraræktar.

I. KAFLI

Innheimta fódurgjalds.

1. gr.

Af fódurgjöldum sem innheimt eru skv. 1. gr. reglugerðar nr. 628 31. desember 1987 skal fella niður við tollafgreiðslu grunngjald skv. 1. tl., sérstakt grunngjald skv. 2. tl. og hluta sérstaks fódurgjalds skv. 3. tl. af innfluttu kolvetnafóðri til íblöndunar í loðdýrafóður og þurrfóðri til loðdýraræktar. Af sérstöku fódurgjaldi skv. 3. tl. skal innheimta 2,00 kr. af hverju kg.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið veitir heimildir til niðurfellingar á fódurgjöldum skv. 1. gr. og tilkynnir tollstjórum um innflytjendur loðdýrafóðurs sem það veitir rétt á niðurfellingu fódurgjalds. Heimildir til niðurfellingar skulu gefnar til eins árs í senn og takmarkaðar við fódurtegundir og erlenda framleiðendur (seljendur). Umsókn innflytjanda um niðurfellingu skal fylgja vottorð frá fódureftirliti Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins þar sem fram komi að umrætt fóður sé sérstaklega framleitt til loðdýraræktar.

Um skil hluta hins sérstaka fódurgjalds fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 628 31. desember 1987, þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins halda sérgreindan reikning yfir fódurgjöld skv. þessari reglugerð í „endurgreiðslureikningi“.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 628 31. desember 1987 skal enginn greiðslufrestur veittur á þeim hluta hins sérstaka fódurgjalds sem innheimtur er skv. þessari reglugerð.

II. KAFLI

Ráðstöfun fódurgjalds.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal mánaðarlega greiða hið sérstaka fódurgjald sem innheimt hefur verið til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem ráðstafar því til verkefna í þágu loðdýraræktarinnar, að fengnum tillögum Sambands íslenskra loðdýraframleiðenda og eftir ákvæðum 34. gr. laga nr. 46/1985.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 með síðari breytingum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fódurbirgðum, sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar og falla undir hana, skal innheimta gjöld skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.